

**Nr. 21-102 S 065 Aldan ÍS 47*****Sjósöfnun í vélarúmi***

*Skipaskr.nr.* 1968  
*Útgerð:* ÍS 47 ehf.  
*Smíðaður:* Noregur, 1987, stál.  
*Stærð:* 59,0 bt. 59,67 brl.  
*Mesta lengd:* 19,47 m *Skráð lengd:* 18,0 m  
*Breidd:* 5,57 m *Dýpt:* 3,34 m  
*Vél:* Scania, 280 kW, 1987.  
*Fjöldi skipverja:* 2



Aldan©Grétar Þór Sæþórsson

***Gögn:***

*Gögn RNSA*

*Málið afgreitt á fundi 13. desember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 27. september 2021 var þjónustuskipið Aldan ÍS 47 á siglingu á Önundarfirði. Veður: N 10 m/s.

Á siglingunni urðu skipverjar varir við sjósöfnun í vélarúmi skipsins og stöðvuðu þeir aðalvélin til að koma í veg fyrir skemmdir. Fjarlægðin í land var 0,11 sml. og settu þeir út bæði akkerin til að forða reki. Línubáturinn Jóhanna G ÍS 56 kom Öldu til aðstoðar en eftir að hafa lensað vélarúmið var aðalvélin gangsett og siglt til hafnar á Flateyri.

***Við rannsókn kom fram:***

- að Alda ÍS var í verkefnum sem þjónustuskip fyrir fiskeldi á Önundarfirði;
- að nippill á sjódælu fyrir sjó á þilfari hafði losnað af og lensidælan hafði ekki undan sjósöfnun;
- að neðri viðvörðun fyrir sjó í vélarrúmi var ekki í lagi en viðvörðun sem staðsett var ofar gaf merki en þá var sjórinn kominn upp á vélina;
- að þrjár skipverjar voru lögskráðir á skipið en aðeins tveir þeirra um borð eins og krafa er um.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.